

## Fréttatilkynning

**Efni:** Könnun MMR á afstöðu fólks til reksturs spilavíta á Íslandi

**Úrtak:** Íslendingar á aldrinum 18-67 ára


**Dagsetning:** 25. febrúar 2010

**63,7% eru frekar eða mjög andvíg því að rekstur spilavíta verði leyfður á Íslandi.**  
-en 71% karla undir þrítugu fylgjandi.

MMR kannaði hversu fylgjandi eða andvíg fólki væri gagnvart því að leyfa rekstur spilavíta á Íslandi. Af þeim sem tóku afstöðu voru 63,7% sem sögðust frekar eða mjög andvíg hugmyndinni. Skipt eftir einstökum svörum voru 39,5% sem sögðust mjög andvíg, 24,2% sögðust frekar andvíg, 20,6% sögðust frekar fylgjandi og 15,7% sögðust mjög fylgjandi því að rekstur spilavíta væri leyfður á Íslandi.


Töluverður munur reyndist á afstöðu svarenda eftir kyni og aldri. Þannig voru 46% karla sem sögðust hlynnt því að rekstur spilavíta væri leyfður en eingöngu 26% kvenna. Þá voru 55% svarenda undir þrítugu fylgjandi því að rekstur spilavíta væri leyfður á meðan þetta sama hlutfall var 35% hjá aldurshópnum 30-49 ára og eingöngu 21% meðal 50 ára og eldri. Sé fjöldi karla undir þrítugu skoðaður sérstaklega kemur í ljós að 71% svarenda í þessu hópi sögðust fylgjandi því að rekstur spilavíta yrði leyfður á Íslandi.

Hversu fylgjandi eða andvíg(ur) ertu þeirri hugmynd að leyfa rekstur spilavíta á Íslandi?



Spurt var: "Hversu fylgjandi eða andvíg(ur) ertu þeirri hugmynd að leyfa rekstur spilavíta á Íslandi?"  
Samtals tóku 92,1% afstöðu til spurningarinnar.

**Hversu fylgjandi eða andvíg(ur) ertu þeirri hugmynd að leyfa rekstur spilavíta á Íslandi?**  
-þeir sem sögðu „frekar/mjög andvíg(ur)" eða „frekar/mjög fylgjandi"-



**Upplýsingar um framkvæmd:**

Úrtak: Einstaklingar á aldrinum 18-67 ára valdir handahófskennt úr hópi álitsgjafa MMR\*

Könnunaraðferð: Síma- og netkönnun\*

Svarfjöldi: 902 einstaklingar

Dagsetning framkvæmdar: 12.-17. febrúar 2010

Nánari upplýsingar veitir: Ólafur Þór Gylfason (olafur@mmr.is).

Notkun heimil svo lengi sem heimilda (vörumerkis MMR) er getið.

Allur réttur áskilinn: 2006 © Markaðs- og miðlarannsóknir ehf.

MMR starfar samkvæmt siðareglum ESOMAR, alþjóðasamtökum markaðsrannsóknafyrirtækja.

\* Hópur álitsgjafa MMR telur liðlega 12.000 einstaklinga sem valdir hafa verið með tilviljunarúrtaki úr þjóðskrá og fengnir til þátttöku í netkönnunum með símakönnun. Viðurkenndum aðferðum er beitt svo svörun endurspegli lýðfræðilega samsetningu þjóðskrár. Hópurinn er endurnýjaður vikulega allt árið um kring til að bæta fyrir brottfall og tryggja eðlilega endurnýjun.